

## FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/740

2018/EES/72/15

frá 1. mars 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í áli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý.
- 2) Með b-lið 6. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága fyrir notkun blýs sem málmblendisþátt í áli sem inniheldur allt að 0,4% blý miðað við þyngd til 21. júlí 2016. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu í tengslum við 1.–7. flokk og 10. flokk fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Blýi er bætt í ál af ásetningu til að bæta véltækileika í iðnaðarframleiðslu. Tilteknir blýlausir staðgöngukostir hafa nýlega verið boðnir fram á markaði. Tæknilegt notagildi og áreiðanleiki þessara staðgöngukosta eru enn óljós.
- 4) Auk þess er ekki enn tæknilega framkvæmanlegt að fjarlægja blý, sem er ekki bætt í af ásetningu, úr endurvinnslustraumi fyrir ál, þó að endurvinnsla brotamálms úr áli, sem inniheldur blý, sé umhverfisvæn.
- 5) Greina ætti á milli álblendis, þar sem blýi er ekki bætt í af ásetningu, og álblendis, þar sem blýi er bætt í af ásetningu til að ná fram tilteknum eiginleikum, í orðalagi í b-lið 6. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.
- 6) Ef um er að ræða óviljandi tilvist blýs úr endurvinnslu brotamálms úr áli, sem inniheldur blý, er, sökum þess að óframkvæmanlegt er að útiloka blý og vegna minni umhverfisáhrifa endurunnins áls, réttlæt看legt að veitt sé undanþága til 21. júlí 2021 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk. Að því er varðar blý í álblendi til vinnslu ætti að veita undanþágu fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk sem nemur 3 árum eftir birtingu þessarar tilskipunar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* til að gera iðnaðinum kleift að leggja nauðsynlegt mat á nothæfi blýlausra staðgöngukosta, sem eru fáanlegir á markaði, og laga sig að hugsanlegum breytingum. Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annari undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskráir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2019.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 106. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtfð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað b-liðar 6. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„6 b)	Blý sem málblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd	Fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none"> <li>— 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði,</li> <li>— 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</li> <li>— 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.</li> </ul>
6 b)-I	Blý sem málblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd, að því tilskildu að það komi úr endurvinnslu á brotamálmi úr áli sem inniheldur blý.	Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.
6 b)-II	Blý sem málblendisþáttur í áli, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 0,4% miðað við þyngd	Fellur úr gildi 18. maí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.“